


SPARNAÐARLÍFTRYGGING

ÁRSYFIRLIT 2009



SJÓVÁ

STAÐAN Á FJÁRMÁLAMÖRKUÐUM

Eftir mjög erfiða stöðu á fjármálamörkuðum fyrstu mánuði ársins tók að birta til þegar líða tók á árið. Verðbólga minnkaði verulega og var 12 mánaða verðbólga komin vel undir 10% í lok ársins en hún var hátt í 20% í upphafi árs 2009. Lækkandi verðbólga gaf Seðlabankanum færi á að lækka vexti sína en stýrivextir bankans fóru úr 18% í 10% frá upphafi til loka árs. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa lækkaði sömuleiðis, hvort sem um ræddi óverðtryggð eða verðtryggð skuldabréf. Ávöxtunarkrafa langra óverðtryggðra ríkisbréfa lækkaði töluvert á árinu þó að það hafi gerst með nokkrum rykkjum og skrykkjum. Að öllu virtu var því nafnávöxtun langra ríkisbréfa ágæt enda gengishagnaður mikill frá upphafi til loka árs. Þó að verðbólga hafi verið töluvert var raunávöxtun engu að síður góð. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra íbúðabréfa lækkaði á árinu, mest á styttri flokkunum. Þegar horft er á allan ríkisverðbréfamarkaðinn má segja að árið 2009 hafi í flesta stadi verið fengsælt. Miðað við aðstæður um þessar mundir er ekki raunhæft að búast við að ávöxtun á árinu 2010 verði jafnhá.

ÍSLENSKI HLUTABRÉFAMARKAÐURINN

Það eru ekki ný tíðindi að kaflaskil hafi orðið á innlendum hlutabréfamarkaði. Úrvalsvísitalan inniheldur nú 6 félög í stað 15 áður, Össur og Marel auk fjögurra færeyskra félaga. Hin gifurlega lækun hlutabréfaverðs sem hófst á haustmánuðum 2007 lauk í byrjun apríl á síðasta ári. Þrátt fyrir 30% hækkun frá botni lækkaði Aðalvísitala Kauphallarinnar um 15% frá upphafi til loka árs, en eins og víða um heim einkenndust fyrstu vikurnar af miklum lækunum. Gera má ráð fyrir að langan tíma taki fyrir innlandan hlutabréfamarkað að ná vopnum sínum og að það gerist hægt og bitandi. Hraði uppbyggingarinnar mun meðal annars ráðast af umfangi nýskráninga í Kauphöllina.

ERLENDIR MARKAÐIR

Ef einhver hefur haldið að þróunin á erlendum hlutabréfamörkuðum á fyrstu vikum ársins væri forsmekkurinn að því sem koma skyldi, þá fór sá hinn sami miklar villur vegar. Eftir snarpar lækkanir á helstu mörkuðum, sem voru algengar á bilinu 20-30%, tóku markaðir að hækka nánast eins og hendi væri veifað. Í lok árs höfðu hlutabréfavísitölur í Bandaríkjunum, Evrópu og Japan almennt hækkað um 20-30% frá upphafi árs. Á nýmörkuðum í Brasilíu, Kína, Rússlandi og Indlandi voru gríðarlegar hækkanir og í sumum tilvikum tvöfaldaðist verð hlutabréfa. Eins og nærri má geta er ekki líklegt að slíkar ávöxtunartölur sjáist aftur í bráð. Seðlabankar víða um lönd lögðust af krafti á árunar, héldu vöxtum mjög lágum og gripu til umfangsmikilla aðgerða til að styðja við fjármálakerfið. Ríkisstjórnir í mörgum löndum lágu heldur ekki á liði sínu við að vinna gegn samdrætti og örva efnahagslífið. Vonir standa til að hagvöxtur taki við sér að nýju í stærstu hagkerfum heims á þessu ári.

SPARNAÐARLÍFTRYGGING

Sparnaðarlíftrygging er bæði líftrygging og reglubundinn sparnaður. Líftryggingin er hefðbundin og greiðir bætur við andlát tryggingartaka. Í upphafi hvers árs er mánaðargreiðslum ráðstafað til greiðslu líftryggingarinnar og sparnaðarlhuta tryggingarinnar er síðan ráðstafað til fjárfestinga í mismunandi sjóðum sem tryggingartaki velur sjálfur í upphafi samningstíma. Tryggingartaki safnar því upp sparnaði og fer ávöxtun eftir þeim fjárfestingarleiðum sem hann sjálfur velur.

GREIÐSLUR OG KOSTNAÐUR

Mánaðarleg greiðsla er ákveðin í upphafi og er lágmarksgreiðsla 4.000 kr. á mánuði. Í janúar ár hvert breytast líftryggingarfjárhæðir og mánaðarlegar innborganir í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Lágmarksfjárhæð líftryggingar er 250.000 kr. Kostnaður við hverja greiðslu er 2%. Um er að ræða kostnað sem hlýst m.a. af gjaldtöku greiðslukortafyrirtækja og banka vegna millifærslna og skuldfærslna. Árlega reiknast 0,5% af sparnaði vegna umsýslugjalds.

ÞÚ GETUR BREYTT

Þú getur alltaf breytt sjóðasamsetningu og hækkað eða lækkað mánaðarlegar innborganir. Allar breytingar þarf að gera skriflega og má finna eyðublöð til þess á sjova.is.

GET ÉG TEKIÐ ÚT SPARNAÐINN MINN ÞEGAR ÉG VIL?

Samningar um sparnaðarlíftryggingu eru gerðir til lengri tíma. Þú getur sagt upp tryggingunni og tekið út sparnað gegn greiðslu kostnaðar sem nemur tveimur mánaðargreiðslum ef samningurinn hefur gilt skemur en í 5 ár. Eftir 5 ár og fram til 10 ára sparnaðar er kostnaður við útgreiðslu á samningstíma sem nemur einni mánaðargreiðslu. Eftir 10 ára sparnað reiknast ekki kostnaður við útgreiðslu sparnaðar. Þeir sem kjósa að halda áfram með líftryggingu en hætta með sparnað fá afslátt af þessum kostnaði.

HVERNIG ER SPARNAÐARLÍFTRYGGINGIN SKATTLÖGÐ?

Líftryggingabætur eru skattfrjálsar. Sparnaðarlhuta tryggingarinnar ber ekki tekjuskatt við útgreiðslu en ber hins vegar fjármagnstekjuskatt af ávöxtun eins og skattalög kveða á um. Tryggingartaki velur réttthafa líftryggingar og sparnaðar.

Hafðu samband til að fá frekari upplýsingar með því að senda tölvupóst á sparnadur@sjova.is.

SJÓÐIR Í ÁVÖXTUN HJÁ ÍSLANDBANKA

INNLÁNS- OG RÍKISSKULDABRÉFASJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|-----------|-------------|-------------|
| 9 mánuðir | 13,56% | 6,77% |

FJÁRFESTINGASTEFNA

| LÁGMARK | HÁMARK |
|----------------------------|----------|
| Innlán | 0% 40% |
| Skuldabréf m. áb. ríkisins | 60% 100% |

MARKMIÐ

Að ná stöðugri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði.

HLUTABRÉFASJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|------------|-------------|-------------|
| 12 mánuðir | -8,43% | -15,90% |
| 24 mánuðir | -69,50% | -72,90% |
| 48 mánuðir | -42,60% | -47,59% |

| FJÁRFESTINGASTEFNA | LÁGMARK | HÁMARK |
|--------------------|---------|--------|
| Markaðsvægi | 60% | 100% |
| Virk stýring | 0% | 40% |

MARKMIÐ

Langtímaaukning með gengishagnaði og arði af innlendum hlutabréfum.

BLANDAÐUR HLUTABRÉFASJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|------------|-------------|-------------|
| 12 mánuðir | 26,96% | 19,50% |
| 24 mánuðir | -38,70% | -45,60% |
| 48 mánuðir | -18,30% | -25,50% |

| FJÁRFESTINGASTEFNA | LÁGMARK | HÁMARK |
|-------------------------|---------|--------|
| Erlend hlutabréf Sjóvá | 35% | 35% |
| Innlend hlutabréf Sjóvá | 65% | 65% |

MARKMIÐ

Aukning eigna til langs tíma með gengishækkun og arði af innlendum og erlendum hlutabréfum. Mikil eignadreifing. (Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði).

ERLEND HLUTABRÉF OG ERLENDUR VAXTASJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN


| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|------------|-------------|-------------|
| 12 mánuðir | 40,11% | 32,60% |
| 24 mánuðir | 20,10% | 6,60% |
| 48 mánuðir | 15,20% | 5,13% |

| FJÁRFESTINGASTEFNA | LÁGMARK | HÁMARK |
|----------------------|---------|--------|
| Hefðbundnir markaðir | 70% | 100% |
| Nýmarkaðir | 0% | 30% |

MARKMIÐ

Eignaaukning til lengri tíma með gengishagnaði og arði af erlendum hlutabréfum. Mikil eignadreifing. (Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði).

INNLENDIR SJÓÐIR - GENGISÞRÓUN



RÍKISSJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|------------|-------------|-------------|
| 12 mánuðir | 15,42% | 7,90% |
| 24 mánuðir | 22,80% | 9,00% |
| 48 mánuðir | 14,00% | 4,03% |

| FJÁRFESTINGASTEFNA | LÁGMARK | HÁMARK |
|---------------------------|---------|--------|
| Spariskírteini ríkissjóðs | 0% | 40% |
| Húsbréf | 20% | 90% |
| Óverðtryggt skuldabréf | 0% | 40% |
| Önnur ríkisskuldabréf | 0% | 40% |

MARKMIÐ

Ná stöðugri og öruggri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði af innlendum ríkisskuldabréfum.

ÍSLENSK SKULDABRÉF

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|------------|-------------|-------------|
| 12 mánuðir | 2,97% | -4,50% |
| 24 mánuðir | 1,60% | -9,80% |
| 48 mánuðir | 5,10% | -4,13% |

| FJÁRFESTINGASTEFNA | LÁGMARK | HÁMARK |
|--------------------|---------|--------|
| Skammtímaverðbréf | 0% | 50% |
| Ríkisverðbréf | 30% | 70% |
| Langtímaverðbréf | 0% | 50% |

MARKMIÐ

Góð áhættudreifing og jöfn ávöxtun með því að fjárfesta í innlendum skuldabréfum. (Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði).

INNLEND VERÐBRÉF OG ÍSLENSK VERÐBRÉF

MEÐALÁRSÁVÖXTUN


| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|------------|-------------|-------------|
| 12 mánuðir | 0,14% | -7,40% |
| 24 mánuðir | -29,10% | -37,10% |
| 48 mánuðir | -12,20% | -19,86% |

| FJÁRFESTINGASTEFNA | LÁGMARK | HÁMARK |
|------------------------|---------|--------|
| Innlend hlutabréf | 25% | 75% |
| Ríkisskuldabréf | 10% | 50% |
| Önnur innl. skuldabréf | 10% | 50% |

MARKMIÐ

Ná fram eignaaukningu til lengri tíma með vaxtatekjum, gengishagnaði, arðgreiðslum af innlendum ríkisskuldabréfum og hlutabréfum. Mikil eignadreifing. (Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði).

INNLENDIR SJÓÐIR - GENGISÞRÓUN



SPARNAÐARLÍFTRYGGING

ERLENDIR SJÓÐIR - ÁVÖXTUN ER Í HÖNDUM HENDERSON GLOBAL INVESTORS

Einungis viðskiptavinir sem nú þegar eru að fjárfesta í sjóðum Henderson geta haldið því áfram meðan gjaldeyrishöft ríkja. Ekki er hægt að hækka innborganir, en hægt er að færa inneign á milli sjóða sé þess óskað.

EVROPUSJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|------------|-------------|-------------|
| 12 mánuðir | 48,91% | 41,40% |
| 24 mánuðir | 17,60% | 4,30% |
| 48 mánuðir | 19,70% | 9,19% |

FJÁRFESTINGASTEFNA

| LÁGMARK | HÁMARK | |
|----------------------|--------|-----|
| Evrópsk hlutabréf | 55% | 95% |
| Evrópsk smáfyrirtæki | 5% | 45% |

MARKMIÐ

Fjárfesta í stórum sem smáum evrópskum fyrirtækjum og ná fram stöðugri ávöxtun með áhættudreifingu.

SKULDABRÉFASJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|------------|-------------|-------------|
| 12 mánuðir | 5,66% | -1,80% |
| 24 mánuðir | 25,60% | 11,40% |
| 48 mánuðir | 17,20% | 6,95% |

FJÁRFESTINGASTEFNA

| LÁGMARK | HÁMARK | |
|--------------------|--------|------|
| Alheimsskuldabréf | 60% | 100% |
| Evrópsk skuldabréf | 0% | 40% |

MARKMIÐ

Fjárfesta í skuldabréfum um allan heim.

ALHEIMSSJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|------------|-------------|-------------|
| 12 mánuðir | 32,73% | 25,20% |
| 24 mánuðir | 19,80% | 6,30% |
| 48 mánuðir | 17,90% | 7,58% |

FJÁRFESTINGASTEFNA

| LÁGMARK | HÁMARK | |
|-----------------------------|--------|-----|
| Evrópsk hlutabréf | 10% | 50% |
| Amerísk hlutabréf | 10% | 50% |
| Japönsk hlutabréf | 5% | 35% |
| Hlutabréf í Kyrrahafslöndum | 0% | 20% |

MARKMIÐ

Fjárfestingar eru í hlutabréfum stórra sem smárra fyrirtækja um allan heim á flestum stærstu mörkuðunum.

PRÓUNARSJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|------------|-------------|-------------|
| 12 mánuðir | 52,07% | 44,60% |
| 24 mánuðir | 20,10% | 6,60% |
| 48 mánuðir | 20,50% | 9,91% |

FJÁRFESTINGASTEFNA

| LÁGMARK | HÁMARK | |
|---------------------------|--------|-----|
| Evrópsk hlutabréf | 10% | 50% |
| Evrópsk smáfyrirtæki | 10% | 50% |
| Nýmarkaðir | 5% | 35% |
| Hlutabréf tæknifyrirtækja | 0% | 20% |

MARKMIÐ

Fjárfestingar eru að hluta til í evrópskum hlutabréfum og á nýjum vaxandi hlutabréfamörkuðum.

ERLENDIR SJÓÐIR - GENGISPRÓUN



ERLENDIR SJÓÐIR - GENGISPRÓUN

